



Bæjarstjórn - 1199

FUNDARBOÐ

1199. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
25. júní 2019 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Fundargerð

1. 1906003F - Bæjarráð - 2961. fundur frá 13.06.2019

Fundargerð í 11 liðum.

2. 1906004F - Bæjarráð - 2962. fundur frá 20.06.2019

Fundargerð í 8 liðum.

- 2.2 1906259 - Tónahvarf 10. Umsókn um lóð undir atvinnuhúsnæði

Frá bæjarlögmanni, dags. 18. júní, lögð fram umsókn um lóðina Tónahvarf 10 frá Sérverk ehf. Lagt er til að bæjarráð samþykki úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

Niðurstaða Bæjarráð - 2962

Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum fyrir sitt leyti úthlutun lóðarinnar Tónahvarf 10 til umsækjanda.

- 2.6 1211011 - Granaholt 7. Innlausn.

Frá lögfræðideild, lagður fram til samþykktar kaupsamningur og afsal vegna kaupa á fasteigninni Granaholt 7.

Niðurstaða Bæjarráð - 2962

Bæjarráð samþykkir framlagðan kaupsamning með þremur atkvæðum þeirra Birkis Jóns Jónssonar, Karenar Halldórsdóttur og Hjördísar Johnson gegn atkvæði Theódóru Þorsteinsdóttur. Pétur Hrafn Sigurðsson greidd ekki atkvæði.

3. 1906006F - Forsætisnefnd - 140. fundur frá 20.06.2019

Fundargerð í 3 liðum.

- 3.2 1705174 - Stofnun öldungaráðs

Frá lögfræðideild, dags. 18. júní, lögð fram umsögn um breytingar á erindisbréfi öldungaráðs. Forsætisnefnd vísaði tillögu að breytingum á erindisbréfinu til bæjarritara til umsagnar þann 21. febrúar sl.

Niðurstaða Forsætisnefnd - 140

Forsætisnefnd samþykkir með þremur atkvæðum að leggja til við bæjarstjórn að samþykkt verði framlagt erindisbréf fyrir öldungaráð og felld verði úr gildi samþykkt um öldungaráð Kópavogs, dags. 9. maí 2017.

Með vísan til 51. gr. sveitarstjórnarlaga um að sveitarstjórn sé skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf leggur forsætisnefnd til að greiðslur taki mið af greiðslum til minni fastanefnda.

3.3 16091082 - Notendaráð vegna málefna fatlaðs fólks

Frá lögfræðideild, dags. 19. júní, lögð fram umsögn um breytingar á erindisbréfi notendaráðs um málefni fatlaðs fólks, sem áður hafa verið samþykktar í velferðarráði og forsætisnefnd. Bæjarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 11. júní sl.

Niðurstaða Forsætisnefnd - 140

Forsætisnefnd samþykkir með þremur atkvæðum að vísa til afgreiðslu bæjarstjórnar erindisbréfi samráðshóps um málefni fatlaðs fólks, óbreytt frá samþykkt velferðarráðs á fundi þess dags. 13. maí sl.

Með vísan til 51. gr. sveitarstjórnarlaga um að sveitarstjórn sé skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf leggur forsætisnefnd til að greiðslur taki mið af greiðslum til minni fastanefnda.

4. 1905024F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 71. fundur frá 04.06.2019

Fundargerð í 1 lið.

5. 1905015F - Menntaráð - 43. fundur frá 21.05.2019

Fundargerð í 4 liðum.

6. 1905023F - Menntaráð - 44. fundur frá 04.06.2019

Fundargerð í 6 liðum.

7. 1906122 - Fundargerð 871. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. maí 2019

Fundargerð í 45 liðum.

8. 1906428 - Fundargerð 376. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 13.06.2019

Fundargerð í 1 lið.

9. 1906406 - Fundargerð 182. fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 14.06.2019

Fundargerð í 4 liðum.

10. 1906195 - Fundargerð 471. fundar stjórnar SSH frá 03.06.2019

Fundargerð í 14 liðum.

Önnur mál

11. 1406406 - Sumarleyfi bæjarstjórnar

Frá bæjarstjóra, tillaga að sumarleyfi bæjarstjórnar. Með vísan til 8. gr. samþykktar Kópavogsbæjar er lagt til að sumarleyfi bæjarstjórnar hefjist að afloknum yfirstandandi fundi og standi fram að fundi bæjarstjórnar annan þriðjudag í september. Samkvæmt 35. gr. laga nr. 138/2011 og 32. gr. bæjarmálasamþykktar Kópavogsbæjar fari bæjarráð með

sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella í sumarleyfi hennar.

Kosningar

12. 18051215 - Kosningar í bæjarráð, forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2018-2022
Kosning forseta bæjarstjórnar.
13. 18051215 - Kosningar í bæjarráð, forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2018-2022
Kosning um 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar.
14. 18051215 - Kosningar í bæjarráð, forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2018-2022
Kosning tveggja skrifara og jafnmargra til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
15. 18051215 - Kosningar í bæjarráð, forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2018-2022
Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð sem aðalmenn og jafnmargra til vara. Einnig tilnefndur áheyrnarfulltrúi fyrir framboðslista Pírata. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.
16. 1906475 - Kosningar í notendaráð um málefni fatlaðs fólks
Kosning þriggja/fjögurra fulltrúa í notendaráð vegna málefna fatlaðs fólks.

Páll Magnússon, bæjarritari.